

Greinargerð með umræðu um starfsaðstæður leik- og grunnskólakennara (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins)

Rúmlega fjórðungur leik- og grunnskólakennara sjá sig ekki áfram í sama starfi eftir fimm ár. Hver er ástæðan og hvað er til ráða? Kennarasamband Íslands (KÍ) lét Félagsvísindastofnun framkvæma könnun um viðhorf kennara til starfsins og KÍ. Könnunin var gerð í febrúar á þessu ári. Meðal spurninga í könnuninni var „hversu líklegt eða ólíklegt er að þú verðir í sama starfi eftir fimm ár?“ Niðurstaðan sýnir að 27% félagsmanna í Félagi leikskólakennara, 26% félagsmanna í Félagi grunnskólakennara og 31% félagsmanna í Skólastjórafélagi Íslands segja ólíklegt eða mjög ólíklegt að þeir verði áfram í starfi eftir fimm ár. Í fyrstu mætti ætla að þetta væri vegna þess að kennarastéttin sé að eldast en í þessari könnun virðist líf- eða starfsaldur kennara í grunn- og leikskólum ekki skipta máli.

Þessar tölur vekja ugg og við í Flokki fólksins teljum að það þurfi að taka þessar niðurstöður alvarlega því þarna eru hættumerki á ferð sem þarf að rýna. Tíu lykilþættir Evrópsku kennarasamtakanna voru lagðir til grundvallar í könnuninni en þeir snúast um það hvað fólki finnst skipta mestu máli fyrir kennarastarfið. Svörin voru afgerandi en mikill meirihluti nefndi samkeppnishæf laun eða 80%. Hæfilegt vinnuálag kom næst á eftir, en 61% nefndu það. Í þriðja sæti voru öruggar vinnuaðstæður með 45%. Þessi niðurstaða rímar vel við helstu áhersluatriði sem brenna á kennurum í Reykjavík. Helstu málefni sem þarf að bæta:

1. Íslenska sem annað tungumál, kennsla og móttaka nemenda með erlendan bakgrunn.
2. Öfbeldi gagnvart kennurum, verkferlar og tryggingar.
3. Hópastærðir, agamál og úrræði.
4. Loftgæði í skólabyggingum og verkferlar vegna rakaskemmda. Þetta eru málefni sem brenna á kennurum borgarinnar og telur fulltrúi Flokks fólksins mikilvægt að fá gagnlega umræðu um þessi áhersluatriði kennara.